

ISAVIA ANS  
Nauthólsvegur 66  
102 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2024  
UST202403-128/P.V.B.  
09.04.00

### Efni: Leyfi til framkvæmda í Ingólfshöfða

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn ISAVIA ANS, dagsett 8. mars 2024, um leyfi til framkvæmda í Ingólfshöfða.

Ingólfshöfði er friðlýstur sem friðland sbr. [auglýsing nr. 388/1978](#). Ekki má skerða gróður, skaða eða trufla dýralíf né gera jarðrask. Til undanþágu þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

#### Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til endurnýjunar á flugleiðsögubúnaði. Grafa þarf fyrir 8 steyptum undirstöðum við tækjahús sem fyrir er á svæðinu til að festa niður nýtt jarðnet. Við verkið verður notuð lítil beltagrafa og kæmu 5 starfsmenn að verkefninu. Framkvæmdin færi fram á tímabilinu 1. ágúst -30. nóvember 2024 þegar varptíma skúmsins er lokið og ferðamönnum hefur fækkað.

#### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins til lengri tíma litið sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Umhverfisstofnun metur að framkvæmdin geti haft truflandi áhrif á gesti svæðisins á framkvæmdartíma en hægt sé að draga úr þeim sé farið að skilyrðum leyfisins.

#### Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir ISAVIA ANS fyrir sitt leyfi fyrir framkvæmdinni innan Ingólfshöfða sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 1. ágúst - 30. nóvember 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og **kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.**
- Nánari tímasetning verkefnisins skal ákvörðuð í samráði við Umhverfisstofnun og þeirra er bjóða upp á skipulagðar ferðir um svæðið.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlægt.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka beltagröfuni að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Þar sem slóðar eru til staðar skal keyrt á þeim. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vöki berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfallst

Inga Dóra Hrólfsdóttir

**sviðsstjóri**

René Biasone

**sérfræðingur**